

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 2005

23. febrúar 2005

305

Nr. 234

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarrækja samtals 500“ komi: Innfjarðarrækja samtals 300.

Í stað: „Þ.a. Arnarfjörður 500“ komi: Arnarfjörður 300.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Þórður Eyþórsson.

23. febrúar 2005

Nr. 235

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999,
um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.**

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Hafnarfirði, Húsvík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akureyri. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.